

Samfélagsstefna Landsvirkjunar

1. Inngangur

Tilgangur samfélagsstefnu Landsvirkjunar er að stuðla að jákvæðum samfélagsáhrifum og samfélagsábata af starfsemi fyrirtækisins samhliða ábyrgri nýtingu auðlinda.

Stefnan er sett af stjórn Landsvirkjunar að fenginni tillögu frá forstjóra fyrirtækisins.

2. Gildissvið

Stefnan gildir fyrir alla starfsemi Landsvirkjunar.

3. Hugtakaskilgreiningar

Hagsmunaaðili: Einstaklingar, hópar eða skipulagsheildir sem eiga hagsmuna að gæta, kunna að verða fyrir áhrifum af eða hafa látið sig varða tilteknar ákvarðanir eða athafnir. Þar á meðal eru frjáls félagasamtök, fyrirtæki, launþegar, neytendur, opinberar stofnanir, sveitarfélög o.s.frv.

Nærsamfélag: Samfélag í nágrenni framkvæmdasvæða, aflstöðva og tengdra mannvirkja.

Samfélagsáhrif: Áhrif af starfsemi fyrirtækisins á samfélagið.

4. Stefna

Landsvirkjun er góður granni. Við komum fram af heiðarleika og virðingu og höfum að leiðarljósi að nærsamfélag njóti ávinnings af starfsemi okkar, allt frá undirbúningi verkefna í rekstur virkjana.

Við tökum virkan þátt í samfélagini og styðjum við málefni og verkefni sem hafa jákvæð samfélagsáhrif.

Við leggjum áherslu á uppbyggileg samskipti og samvinnu ásamt því að miðla þekkingu um starfsemi fyrirtækisins með fjölbreyttum hætti.

Við erum leiðandi afl í samfélagini og stuðlum að orkutengdri nýsköpun með sjálfbærni að leiðarljósi.

5. Mælikvarðar

- Þekking almennings á fyrirtækinu
- Hlutfall þeirra sem eru jákvæðir gagnvart fyrirtækinu
- Hlutfall innkaupa frá birgjum í nærsamfélagi
- Fjárhagslegt framlag fyrirtækisins til samfélagsmála og samstarfsverkefna.

6. Innleiðing

Forstjóri ber ábyrgð á innleiðingu stefnunnar gagnvart stjórn.


Áhersla er lögð á samráð og samvinnu við starfsfólk Landsvirkjunar og hagsmunaaðila.

7. Upplýsingagjöf

Miðlun árangurs samfélagsstefnu er að finna í mælaborði þar sem gerð er grein fyrir hverjum vísi fyrir sig. Á árlegum rýnifundi stjórnenda er farið yfir árangur og upplýsingar birtar á vef Landsvirkjunar.

8. Endurskoðun

Stjórn Landsvirkjunar endurskoðar stefnu þessa eigi sjaldnar en þriðja hvert ár.



9. Gildistaka

Stefna þessi gildir frá og með staðfestingu stjórnar.

26. janúar 2024

Stjórn Landsvirkjunar

Jónas Þór Guðmundsson
Alfreður Ingadóttir
Jón Guðmundsson
Jónn Þorvaldsson